

Ísafjörður 6.5.2026

B/t Skóla-, íþróttá- og tómstundanevndar,

Varðandi athugasemdir frá nefndinni, vegna skóladagatala sem leikskólarnir settu inn í vor. Við viljum lýsa yfir miklum vonbrigðum og mótmælum vegna þeirra athugasemda.

Á það sérstaklega við um kröfu um breytingu á lokunardögum milli jóla og nýárs. Þegar ákveðið var að setja inn lokunardaga og skráningardaga, skildum við það þannig að m.a. væri verið að bregðast við því misræmi sem er á milli skólastiga, starfsfólk grunnskóla fær samfelld frí í jóla- og páskafrí, auk vetrarfrís.

Það er ekkert launungarmál að það ríkir ákveðin samkeppni um starfsfólk á milli skólastiga og hefur því miður margt starfsfólk í leikskólum víða um landið, litið á það að leikskólarnir séu síðri starfskostur sérstaklega með tilliti til lengri fría til endurheimtar á starfskröftum.

Það er mikið álag að starfa í leikskólum, t.d. kemur fram í starfsmannakönnunum að starfsfólk kallar eftir meiri/betri mönnun í leikskólunum. Öll þekkjum við skort á fagfólki hér á svæðinu, það er meira álag að halda utan um ófaglært fólk sem skortir reynslu og þekkingu heldur en fagfólk, sérstaklega í mikilli starfsmannaveltu.

Staðan er einnig sú að þegar starfsfólk fer af stað í nám, sérstaklega þegar um er að ræða fleiri en einn einstakling í einu (sem mikil þörf er á nú þegar fagfólki er að fækka ískyggilega og við erum að horfa á hrun í stéttinni), þá er mikið álag í skólunum vegna fjarveru þeirra, sem er vika í senn nokkrum sinnum á ári, það er ekki mönnun á móti því, auk vinnustyttingar sem er ómönnuð og svo undirbúningstímar. Starfsfólk lætur ekki bjóða sér að vinna undir kröfu um að hlaupa hraðar æ ofan í æ. Það einfaldlega leitar sér að öðrum störfum. Mannekla í leikskólum hér á Ísafirðir í vetur talar sínu máli.

Þessir þættir skapa mikið álag og við fögnuðum því eindregið að fá tækifæri til að ná samfelldu nokkurra daga fríi um jól og áramót, þar sem við fundum svo sannarlega fyrir gleði starfsfólksins sem lítur á þetta sem viðurkenningu á misræmi milli skólastiganna. Starfsfólkið kom endurnærðara úr þessu fríi heldur en áður og það er gríðarlega mikilvægt upp á úthald starfskrafta í þessu krefjandi umhverfi.

Við hvetjum ykkur til að endurskoða afstöðu ykkar út frá þessum athugasemdum okkar sem höldum á brothættu ástandi dags daglega.

Það er ekki í hag barna og foreldra að keyra starfsfólk skólanna í þrot.

Ingibjörg Einarsdóttir leikskólastýra í Eyrarskjóli

Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjóri í Sólborg

Inga Jóna Sigurðardóttir leikskólastjóri í Laufási

Hildur Sólmundsdóttir leikskólastjóri í Grænagarði

Svava Rán Valgeirsdóttir leikskólastjóri í Tjarnarbæ

Katla Vigdís Vernharðsdóttir leikskólastjóri í Tanga (lýsir yfir stuðningi við þetta erindi)

Kristófer Baldur Sverrisson leikskólastjóri í Tanga (lýsir yfir stuðningi við þetta erindi)